

Stjórn foreldrafélags Naustaskóla

Fundur haldinn kl 20:00 á Bláu könnunni 27. október 2021

Mættar: Anna Sjöfn, Rósa, Sigurveig og Anna Lilja sem ritar fundargerð.

1. Afleysing á fund í skólaráði

Rósa sem er fulltrúi foreldrafélagsins í skólaráði var búin að boða forfoll á fund sem boðaður er í Naustaskóla 28. október. Sigurveig er svo elskuleg að mæta í hennar stað.

2. Fundur Samtaka

Anna Sjöfn fulltrúi foreldrafélagsins í Samtaka greinir frá síðasta fundi Samtaka og fer í gegnum helstu punkta fundargerðar. Þar má helst nefna breytingar á stjórn.

3. Tillögur frá deildarstjóra

Foreldarafélaginu barst tillaga frá deildarstjóra Naustaskóla um að fá Maríu Pálsdóttur inn með hópefli fyrir unglíngadeildina þar sem hún hefur margra ára reynslu af hópefli um umræðum við unglínga. Hún ku vera laus til 8. nóvember og svo eftir áramót. Það sem lagt er upp með er að taka þetta þá inn fyrir 6. bekk og upp úr, 20 nemendur saman í hóp. Fundarmenn hlyntir þessu og þeir sem þekkja til Maríu bera henni vel söguna. Það var þó álit viðstaddra að kalla eftir nánari upplýsingum, hvað ætti að vinna markvisst með þar sem þetta er kostnaðarsamt. Út frá tímaramma því mögulega viturlegt að stefna á strax eftir áramót. Í pósti frá deildarstjóra kom einnig fram að Naustaskóli sé í sambandi við Háskólann á Akureyri, eins og búið var að ítreka, varðandi hópefli fyrir starfsmannahóp skólans. Það mál er í ferli áfram.

4. Fjármál

Gjaldkeri biðst innilega afsökunar á að hafa ekki náð að stilla upp árshlutauppgjöri en staða félagsins nokkuð óbreytt frá aðalfundi. Kröfur voru sendar í byrjun október og innheimtur ganga vel. Gjaldkeri mun stilla upp og setja inn á facebook síðu stjórnar til upplýsingar. Jafnframt var rætt um að gjaldkeri stilli upp kostnaðaráætlun út frá þeim hugmyndum sem verið er að vinna með til viðbótar við fasta liði. Hvaða fjármuni skuli nota í styrki á viðburðum, fyrirlestur og mögulegum tækjakaupum. Rætt um að ítreka við skólann hvort kennarar ætli að nota „bekkjaskvöld“ peninga fyrir uppábrot í kennslu á þessari önn. Gjaldkeri eða formaður sendir póst á Öllu.

5. Hugmyndir að viðburðum

Fundarmenn ræddu punkta sem formaður setti inn á stjórnarsíðuna. Ýmsir viðburðir til skoðunar og búið að vera henda á milli hugmyndum. Formaður búin að vera í sambandi við Silvíu Erlu sem hefur verið að fara í skólaheimsóknir með kynningu á lesblinduglæraugum. Von er á henni norður 24. nóvember og munum við hlera Naustaskóla hvort hún hafi ekki verið bókuð. Félagið mun styrkja jólaskemmtun og rætt um hvort hægt er að hafa það með veglegra móti. Einnig eru uppi hugmyndir að kanna með fyrirlestur fyrir foreldra frá Hinsegin Norðurland en búið var að hafa samband og fengust þær upplýsingar að þau koma ekki inn í skólana fyrir nemendur þar sem Akureyrarbær sér um þá fræðslu. Enn og aftur umræður um Karlmennskuna sem er með puttann á púlsinum varðandi

málefninginn í Þjóðfélaginu, hefðum gjarnan vilja halda áfram með þá vinnu. Rætt um að kanna verkefnastöðu hjá Ernuland, með fyrirlestur um jákvæða líkamsmynd fyrir nemendur. Umræður voru um hvað félagið gæti gert fyrir yngri stigin í skólanum. Rósa bendir á henni finnst réttilega eigi að fókusa þar einnig á samskipti og virðingu að gefnu tilefni. Félaginu barst ábending frá foreldri eftir aðalfund sem benti á Hugarfrelsi sem er eitthvað sem við setjum í skoðun. Gjaldkeri sendir fyrirspurn á þá bræður Friðrik Dór og Jón Jónsson sem erum að koma til Akureyrar í nóvember, spurning um að hlera kostnað og möguleika á því að fá þá inn sem uppábrott fyrir nemendur á föstudegi (á eftir að hlera skólann). Einnig var rædd hugmynd frá eldri tíð, þar sem einu sinni var til skoðunar að setja við hurðir á kennslustofum, gráðubogamerkingu á gólf. Gott væri að ná utanum grófa áætlun fyrir fund í nóvember.

Fundi slitið kl. 21:35